



SKILMÁLAR GJAFAKORTS LANDSBANKANS

Eftirfarandi skilmálar gilda um Gjafakort Landsbankans auk almennra skilmála Visa kreditkorta Landsbankans.

1. Aðilar skilmála

- 1.1. Kaupandi: Sá aðili sem kaupir gjafakortið og leggur inn á það.
- 1.2. Handhafi: Sá aðili sem notar kortið (þiggjandi) og skrifar nafn sitt á undirskriftarlínu þess.
- 1.3. Útgefandi: Útgefandi Gjafakorts Landsbankans er NBI hf., hér eftir nefndur Landsbankinn.
- 1.4. Söluaðili: Þeir rekstraraðilar sem hafa heimild til að taka við greiðslum með Visa greiðslukortum.

2. Skilgreining kortsins og notkun

- 2.1. Gjafakortið er alþjóðlegt VISA greiðslukort og er handhafi kortsins bundinn við almennar reglur og skilmála VISA greiðslukorta.
- 2.2. Gjafakortið er fyrirframgreitt greiðslukort. Heimilt er að leggja einu sinni inn á kortið, að hámarki kr. 100.000. Þegar inneign klárast er kortið ónýtt og skal handhafi eyðileggja það.
- 2.3. Ekki er hægt að taka reiðufé út með kortinu, hvorki í bönkum, hraðbönkum eða öðrum sjálfs-afgreiðslutækjum.
- 2.4. Handhafi skal rita nafn sitt á undirskriftarlínu kortsins fyrir fyrstu notkun.

3. Samþykki skilmála og ábyrgð

- 3.1. Aðeins handhafi hefur rétt til notkunar Gjafakortsins.
- 3.2. Með kaupum á Gjafakortinu samþykkir kaupandi skilmála þessa.
- 3.3. Með fyrstu notkun á Gjafakorti Landsbankans samþykkir handhafi skilmála þessa auk almennra skilmála Visa kreditkorta Landsbankans.

4. Gildistími og endurnýjun

- 4.1. Gjafakortið hefur ákveðinn gildistíma sem fram kemur á framhlið kortsins. Handhafa er óheimilt að nota kortið eftir að gildistími þess rennur út.
- 4.2. Ef gildistími kortsins líður án þess að inneign á kortinu hafi verið að fullu nýtt, getur kaupandi eða handhafi kortsins innan þriggja mánaða frá því að kortið rennur út, flutt inneignina yfir á annað Gjafakort Landsbankans. Skal þá greitt fyrir nýja Gjafakortið samkvæmt verðskrá Landsbankans eins og um nýtt kort væri að ræða.
- 4.3. Ef gildistími korts rennur út og ekki er krafist endurnýjunar innan þriggja mánaða frá lokum hans, glatast inneign kortsins.
- 4.4. Til að fá kortið endurnýjað og inneign flutt yfir á nýtt kort skal handhafi eða kaupandi framvísa hinu upprunalega korti.

5. Glötuð kort

- 5.1. Glatist Gjafakort skal tilkynna það til Landsbankans í síma 410 4000 til að hægt sé að loka því. Nauðsynlegt er að gefa upp númer kortsins en án þess er ekki hægt að loka kortinu og inneign þess því glötuð.
- 5.2. Kaupandi/handhafi ber alla ábyrgð á inneign kortsins þangað til að það er tilkynnt glatað í samræmi við grein 5.1.
- 5.3. Þegar korti hefur verið lokað er hægt að fá inneign þess flutt yfir á annað kort. Einungis kaupandi getur flutt inneign af glötuðu korti yfir á nýtt kort. Skal þá greitt fyrir nýja gjafakortið samkvæmt verðskrá Landsbankans eins og um nýtt kort væri að ræða.